

---

3. fundur stjórnar

---

Mættir: Elfa, Helga, Rakel, Sigríður, Jón og Benedikt.

Fyrir hönd Varmárskóla voru mætt: Þórhildur og Þóranna skólastýrur og Óðinn Pétur deildastjóri.

Efni fundar:

- Vel gengur að ráða inn kennara fyrir komandi skólaár en þó vantar enn í nokkrar stöður: sérkennara í eldri deild, leiðtoga í upplýsingatækni og bókasafnsfræðing.
- Undanfarin ár hefur Foreldrafélagið gefið ýmsar smágjafir til barna og starfsmanna yfir veturinn, s.s. sumargjafir, buff, konfekt og kerti. Nýja stjórn langar að breyta til og gefa frekar færri en veglegri gjafir. Má þar nefna hvatningarverðlaun til starfsmanna og stærri gjafir sem nýtast í skólastarfinu um ókomin ár. Þar sem fjárhagsstaða Foreldrafélagsins er ágæt er hugmyndin að þessu sinni að styðja við skólann og fara í áttak til að efla kennslu í tækni og forritun. Mikilvægt er að finna áhugasama verkefnastjóra til að halda utan um verkefnið og finna því rými í stundaskrá. Til að geta gert þetta með myndarbrag er fyrirhugað að leita til fyrirtækja eftir styrkjum í verkefnið og er stefnt á að fjárfesta í einhverju af eftirfarandi:
  - LEGO Education Mindstorm EV3 vélmenni <https://education.lego.com/en-us/downloads/mindstorms-ev3/curriculum>
  - Lego WeDo 2.0 <https://education.lego.com/en-us/downloads/wedo-2/curriculum>
  - Sphero <https://www.sphero.com/>
  - Little Bits <https://littlebits.com/>
- Foreldrafélagið mun í fyrsta sinn veita hvatningarverðlaun til starfsmanns á skólaslitum og verður það vonandi að árlegri hefð. Mikinn mannauð er að finna í skólanum og því úr vöndu að velja. Að þessu sinni var verðlaunahafinn valinn eftir ábendingar foreldra og barna en á næsta skólaári gefst öllu skólasamfélaginu tækifæri að tilnefna starfsmann. Inga Elín Kristinsdóttir leirlistarkona og einn af bæjarlistarmönnum Mosfellsbæjar var fengin til samstarfs um hönnun á verðlaunagrip.
- Foreldrar eru mikilvægur hluti af skólasamfélaginu og í þeim býr mikil þekking og kraftur. Vilji er til þess að skoða hvernig foreldrar geta stutt betur við skólastarfið, t.d. með fræðsluerindum, starfskynningum, menningarlegum viðburðum, bekkjarstarfi og vettvangsferðum. Í því sambandi er mikilvægt er að virkja bekkjarfulltrúa sem eru tengiliðir í alla bekki til góðra verka og styðja í sínum verkefnum. Ákveðið hefur verið að halda kynningarfund með bekkjarfulltrúum, umsjónarkennurum ásamt Heimili og skóla þann 2. október. [www.heimiliogskoli.is/](http://www.heimiliogskoli.is/)
- Foreldrafélagið hefur óskað eftir samantekt á helstu viðburðum í hverjum árgangi til að allir hafi góða yfirsýn og skoða megi hvort hægt sé að nýta betur mörg góð boð sem standa skólum til boða. Má þar nefna: Stelpur og tækni, First Lego League, GERT- verkefni, Reykir, heimsóknir á söfn og stofnanir, barnamenningarhátíð. <http://gert.menntamidja.is/>

- Óskað hefur verið eftir endurskoðun á framkvæmd óvissuferðar 6. bekkjar sem hefur fengið að njóta góðs af ágóða af vorhátíð yngri deildar. Undanfarin misseri hefur verið farið í Smárativolí og Smárabíó og hafa foreldrar óskað eftir breyttu fyrirkomulagi.
- Ábendingar hafa borist frá foreldrum um að ekki fari vel saman að halda sameiginleg skólaböll fyrir 7-10. bekk þar sem mikill munur sé á þroska barnanna og komu stjórnendur með þá hugmynd að 6-7. bekkur sem tilheyra miðstigi séu saman og svo 8-10. bekkur.
- Ráðgjafar frá Erindi sem eru samtök um samskipti og skólamál hafa verið fengnir til að yfirfara eineltisáætlanir, efla skólabrag og veita fræðslu. Strax í haust verður allt skólasamfélagið kallað saman til að ræða framtíðarsýn, hvað sé vel gert og hvar gera megi betur. Stjórn foreldrafélags fagnar framtakinu og bindur miklar vonir við að margt gott muni ávinnast. <https://www.erindi.is>
- Átak hefur verið í upplýsingatæknimálum (UT) á árinu og búið að bæta netsamband í eldri deild og verður yngri deild klárað fyrir haustið. Fjárfest hefur verið í tölum og er skólinn að skoða ýmsar áhugaverðar hugmyndir, s.s. google school og skýjalausnir. Rætt var um mikilvægi rafræns útivistartíma sem verður skoðað betur í haust.
- Samtök iðnaðarins, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Menntamálastofnun og RÚV hafa tekið höndum saman um átaksverkefni þar sem markmiðið er að efla forritunarkunnáttu íslenskra barna og auka vitund um mikilvægi forritunar í daglegum störfum, efla rökhugsun og stuðla að auknum áhuga á tækni- og iðngreinum. <http://www.si.is/frettasafn/microbit-smatolvur-til-allra-barna-i-6-og-7-bekk> Börn í 6. bekk Varmárskóla fá microbit tæki að gjöf en rætt var um hvort vænlegra væri kannski að afhenda tækin í haust svo þau fái kynningu á þeim. Vilji er hjá Bólinu að bjóða upp á tæknismiðjur sem krakkarnir geta komið með tækin sín í og forritað saman. <http://krakkaruv.is/myndband/um-microbit>
- Fimmtudagskvöld 7. júní nk. verður útskrift 10. bekkja. Foreldrar barna í 10. bekk koma með veitingar á hlaðborð en þá taka foreldrar 9. bekkja við og sjá um veitingar og frágang eftir veisluhöld. Formaður mun fyrir hönd foreldrafélags segja nokkur orð. Foreldrafélagið styrkti nemendur í 10. bekk um eina máltíð í útskriftarferð og verður það líka gert núna.
- Að mörgu er að huga varðandi viðhald í gömlum byggingum og verður m.a. í sumar í yngri deild klárað að endurnýja leka glugga, laga þak yfir bókasafni og endurnýja þakkant austan megin. Í eldri deild verður bætt við 2 færanlegum skólastofum. Mikill leki kom upp nýlega í vor í eldri deild þegar lögn gaf sig. Tryggingafélag og Mosfellsbær eru nú að meta tjónið en ljóst er að ráðast þarf í talsverðar framkvæmdir vegna þessa. Stjórn foreldrafélags óskar eftir því að gerð verði úttekt á myglu og raka sem hugsanlega hefur orðið því enginn veit hve lengi vandinn hefur verið og er töluvert mikið af vatni undir húsinu. Foreldrafélagið óskar jafnframt eftir að úttekt á myglu á raka frá síðasta ári verði öllum aðgengileg og hvetur til eftirfylgni og vísa stjórnendur á bæinn.

Fundi slitið.